

# Fundargerð

## 1. Almennar upplýsingar

---

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Blástur og tengingar á ljósleiðarakerfi Leiðarljóss í Kjós
- 1.2. **Dagsetning:** 12.3.2019 **Fundartími:** 9:00 – 10:00
- 1.3. **Staður:** Ásgarður í Kjós
- 1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson (GD)
- 1.5. **Mættir:** Guðmundur Daníelsson (GD), Kjartan Ólafsson (KÓ), Eiríkur Sæmundsson (ES), Sigríður Klara Árnadóttir (SKÁ), Karl M. Kristjánsson (KK), Hákon Gunnarsson (HG)

## 2. Dagskrá

---

- 2.1. Útistandandi mál frá síðasta verkfundi.
- 2.2. Framgangur við þann áfanga sem unnið er við.
- 2.3. Næstu skref og áfangar.
- 2.4. Önnur mál er varðar efni fundarins.

## 3. Umræður

---

- 3.1. Öll atriði frá síðasta verkfundi afgreitt og frágengin.
- 3.2. Rætt um tilteknar tengingar og þær útskýrðar. Tengingar á strengjum eru hafnar í áfanga 1 og 2 og nokkur reynsla komin á stöðumála og ætlaðan raunhæfan verkhraða við frágang á kerfinu. ES sendi uppfærða verkáætlun fyrir lok vikunnar til samþykktar.
- 3.3. Hafist verður handa við að blása strengjum í áfanga 3 og 4 á næstu dögum. Búið er að blása heimtaugum í um helming allra tengistaða.
- 3.4. KÓ lagði áherslu á að verktaki vandi samskipti við íbúa og að tryggt sé að þeir séu upplýstir áður en farið er að vinna við heimtaugar og frágang þeirra. HG kemur fyrst og fremst til með að sinna verkstjórn á næstu vikum til þess að tryggja ákafari framgang og samþættingu.
- 3.5. Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 26. mars klukkan 11:00.

## 4. Niðurstaða / Næstu skref

---

- 4.1. ES sendir uppfærða verkáætlun fyrir lok vikunnar.